

Fundur skipulags- og samgönguráðs 1. júlí 2020:
Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - US200202

Lagt er til að Reykjavíkurborg ráðist í átak gegn hættulegu húsnæði í borginni með áherslu á að efla brunavarnir í eldri húsum borgarinnar og aukið eftirlit með ósamþykktu íbúðarhúsnæði.

Lagt er til að slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi skipuleggi og sjái um framkvæmd aðgerða.

Harmleikurinn sem átti sér stað þegar kviknaði í illa búnu húsnæði á Bræðraborgarstíg átti sér aðdraganda. Aðbúnaður í húsinu hafði áður komið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Í þessu tilviki var um að ræða húsnæði sem nýtt var til útleigu umfram það sem eðlilegt getur talist þrátt fyrir að aðeins væri einn brunaútgangur á húsinu. Þá höfðu verið gerðar breytingar á húsinu án tilskilinna leyfa. Í slíkum tilvikum fer ekki fram skoðun eftirlitsmanna á fyrirhuguðum teikningum og öryggismat. Það skiptir máli að eftirlit með aðbúnaði og brunavörnum sé ekki aðeins virkt á framkvæmdarstiginu. Það þarf að efla frumkvæðiseftirlit slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa.

Lagt er jafnframt til að fagaðilar greini hvað þarf að efla í eftirliti með brunavörnum og aðbúnaði mannvirkja og hvort þörf sé á frekari eftirlitsheimildum eða auknum mannafla eða fjármagni í verkefnið.

Flokkur fólksins leggur einnig til að áhersla verði lögð á vitundarvakningu meðal almennings, og þá sérstaklega fólks á leigumarkaði, um brunavarnir og aðbúnað.

Greinargerð:

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavík feli slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa að skipuleggja og sjá um framkvæmd á sérstöku átaki gegn hættulegu húsnæði. Þessir aðilar hafa sérþekkingu um öryggismál og sjá auk þess um eftirlit með brunavörnum og aðbúnaði mannvirkja í borginni.

Mikið er af eldri húsum í miðborg Reykjavíkur. Þegar þessi hús voru byggð var tíðin önnur. Í dag gerum við miklu meiri kröfur um gæði og öryggi mannvirkja. Þó gjarnan sé búið að gera ýmsar úrbætur á eldri húsum í átt að meira öryggi þá leynast víða hús í slæmu ástandi sem bjóða upp á slyshættu. Það þarf að kortleggja hvaða hús þarfnast úrbóta og hvaða úrbætur gagnast best í þeim efnum. Þetta má gera með því að hafa samband að fyrra bragði við eigendur eldri húsa og bjóða þeim upp á skoðun eftirlitsaðila.

Þá er mikið um það að fólk á leigumarkaði neyðist vegna fátæktar að leigja íbúðir í ósamþykktu húsnæði. Þessar íbúðir þarf að athuga sérstaklega. Það er nauðsynlegt að auka fræðslu til almennings um hvaða kröfur íbúðir þurfi að uppfylla til að þær teljist öruggar og að leigutakar eigi rétt á því að krefjast þess að leigusali ráðist í þessar úrbætur. Stór hluti þeirra sem leigja ósamþykktar íbúðir eru af erlendu bergi brotnir og þekkja ekki sín réttindi í þessum efnum eða hræðast það að missa húsnæði sitt ef þeir gera yfirvöldum viðvart. Það þarf að ná til þessa fólks og fræða þau um réttindi sín og hve alvarlegt það getur verið ef aðbúnaði og brunavörnum er ábótavant. Reykjavík þarf að hafa frumkvæði með það að fræða fólk á leigumarkaði um réttindi sín og fólk almennt um öryggi og aðbúnað húsnæðis.

Þá þarf að kortleggja eftirlitsheimildir slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa og athuga hvort þörf er á frekari heimildum til frumkvæðiseftirlits eða frekari heimildum til að beita viðurlögum. Komi í ljós að frekari heimildir þurfi þá þarf Reykjavík að kalla eftir samráði við Alþingi um lagasetningu á þessu sviði.

Þá þarf að útbúa gæðastimpil og kynna almenningi. Sýnileg vottun um öryggi húsnæðis eykur bæði vitund almennings um öryggi og hvetur eigendur mannvirkja til úrbóta. Gæðastimpill yrði þá Skjöldur sem hægt er að festa á vegg húsnæðis. Hann yrði veittur húsnæði ef það uppfyllir kröfur laga og reglugerða um brunavarnir og aðbúnað og mætti þá prýða hús gæðastimplinum, líkt og AirBnB íbúðir

gera með TripAdvisor viðurkenningar. Þannig yrði almenningi, bæði leigjendum og öðrum auðvelt að kanna hvort tiltekið húsnæði uppfyllti allar tilskyldar kröfur. Þá yrði slíkt fyrirkomulag til hvatningar til leigusala þar sem það eykur traust gagnvart leigusala ef hann er framúrskarandi í öryggismálum. Þessir gæðastimplar yrðu þá merktir með ártali og myndu gilda í tiltekinn tíma, líkt og t.d. vottanir heilbrigðiseftirlits. Að þeim tíma liðnum færi fram úttekt að nýju ef eigandi óskar þess.